

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Indriða Inga Stefánssyni um umferðarslys og erlend ökuskipteini.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu mörg umferðarslys hafa orðið síðastliðin tíu ár þar sem ökumaður er handhafi ökuskipteinis frá landi sem er ekki með samning við Ísland um gagnkvæma viðurkenningu ökuskipteina? Svar óskast sundurliðað eftir ári og eftir því hvort slys urðu á fólki.*

Í þessu svari er gengið út frá því að ökuskipteini erlendra ökumanna séu frá sama landi og ríkisfang þeirra segir til um. Ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um frá hvaða landi ökuskipteini erlendra ökumanna eru. Þá er notast við þá nálgun að erlendir ríkisborgarar frá ríkjum utan Evrópu sem eru með íslenska kennitölu séu búnir að skipta ökuskipteini sínu yfir í íslenskt ökuskipteini.

Í eftirfarandi töflu eru upplýsingar um fjölda umferðarslysa ökumanna sem eru handhafar ökuskipteina frá löndum sem ekki eru með samning við Ísland um gagnkvæma viðurkenningu ökuskipteina. Þau lönd sem hafa gert slíkan samning við Ísland eru lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins, Færeyjar, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Japan og Bretland.

Ár	Slys með meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals
2013	23	105	128
2014	29	151	180
2015	60	245	305
2016	82	459	541
2017	67	505	572
2018	69	495	564
2019	61	343	404
2020	13	93	106
2021	35	140	175
2022	26	316	342
<b>Samtals</b>	<b>465</b>	<b>2852</b>	<b>3317</b>